

GJALDSKRÁ

fyrir rotþróargjald í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum húseignum í Garðabæ þar sem fráveituvatni frá fráræsum húseigna er leitt í rotþrær skal greiða árlega rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa í sveitarfélaginu, sbr. 18. gr. samþykktar um fráveitu í Garðabæ.

2. gr.

Álagningarstofn rotþróargjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Rotþróargjald skal nema 0,10% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki rotþróargjald. Gjald dagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Rotþróargjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Rotþróargjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur rotþróargjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs rotþróargjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekju-lítilla elli- og örorkulfeyrisþega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Garðabæjar þann 17. desember 2009, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005, staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2010.

Garðabæ, 17. desember 2009.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.